

Nr. 020 / 09 Freri RE 73***Fær veiðarfæri í skrúfuna og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 1345
Smíðaður: Pasajes Spáni 1973, stál
Stærð: 1065,2 brl. 1723 bt.
Mesta lengd: 78,9 m Skráð lengd: 71 m
Breidd: 11,6 m Dýpt: 7,9 m
Vél: Wärtsilä 3680 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 27



Feri ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 8. júní 2009 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 23. febrúar 2009 var Freri RE 73 á togveiðum í Skerjadýpinu. Veður: V-SV 8-10 m/sek.

Á veiðunum festist trollið í botni og þegar það losnaði fylgdi meginhluti þess ekki með en fannst á floti nokkru seinna. Skipverjum tókst að koma kröku í það en þegar pokinn var hífður upp í skutrennuna losnaði trollið, rann út aftur og lenti í skrúfunni.

Óskað var eftir aðstoð Vigra RE sem dró Frera RE til Reykjavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að þegar pokinn var kominn upp í rennuna réttust flaugarnar á krökunni upp og við það misstu skipverjar hann niður aftur. Skipstjórinn taldi sennilegast að trollið og kúlurnar hefðu fokið undir skipið því hann var með stjórnborðssíðuna áveðurs þar sem trollið var einnig þeim megin.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð og gefur ekki tilefni til frekari rannsókna.